

**Upplýsingabæklingur fyrir
skjólstæðinga og foreldra/
forráðamenn**

Kvörtunarleiðir:

Til Gæða og eftirlitsstofnunar velferðamála, gev.is

**Til Barna og fjölskyldustofu, eyðublað hjá
deildarstjóra.**

**Til Umboðsmanns Alþingis, eyðublað á heimasíðu
þess embættis, www.umbodsmadur.is**

Stuðlar

Neyðarvístun

Fossaleynir 17, 112 Reykjavík.

Sími: 530 8800

Netfang: lokuddeild@studlar.is

Heimasíða: bofs.is

Velkomin/n á neyðarvistun Stuðla.

Starfsemi neyðarvistunar stendur fyrst og fremst fyrir umhyggju og öryggi skjólstæðinga sem dvelja hér. Starfsmenn neyðarvistunar vinna eftir áfallamiðaðri nálgun, hlúa eftir bestu getu að skjólstæðingum og gera dvölinna á neyðarvistun eins góða fyrir skjólstæðinga og aðstæður leyfa.

Neyðarvistun Stuðla er fyrir börn og unglinga í neyð á aldrinum 12 til 18 ára.

Hámarksvistunartími á neyðarvistun eru 14 sólahringar. Ef skjólstæðingur er ekki útskrifaður innan hámarkstíma er atvikið tilkynnt til GEV. (*Gæða og eftirlitsstofnun velferðarmála*)

Í barnaverndarlögum er fjallað um málsmeðferð barnaverndarnefndar eftir að neyðarráðstöfun hefur farið fram. Í ákvæðinu segir að barnaverndarnefnd skuli án tafar taka málið til meðferðar og innan 14 daga kveða upp úrskurð. Ofangreint á sér lagastoð í VI, VII og VIII kafli barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Við komu skjólstæðinga á neyðarvistun:

Skjólstæðingur afhendir starfsmönnum persónulega muni sem geta valdið truflun og/eða skaða á meðan dvöl stendur. (*Til dæmis sími, kveikjari, belti, skartgripir, oddhvassir hlutir og fleira*) Tveir starfsmenn framkvæma yfirborðsleit á skjólstæðing í kjölfarið til þess að tryggja að ekkert slíkt fari inn á deildina. Skjólstæðingur fær útskýringu fyrir ástæðum þess að hann er vistaður á lokaðri deild og hvaða reglur gilda á neyðarvistun. Einnig er skjólstæðingi gerð grein fyrir þeim lagagrundvelli sem vistunin er byggð á.

Almennar reglur neyðarvistunar:

Skjólstæðingur hefur heimild til þess að hafa samband við forráðamenn, talsmann, lögfræðing og barnavernd. Forráðamönnum/aðstandendum er heimilt að heimsækja skjólstæðinga á milli kl 9-21 í samráði við starfsmenn. Skjólstæðingum stendur til að boða að hitta sálfræðing innanhúss á meðan dvöl á neyðarvistun stendur. Slökkt er á sjónvörpum og skjólstæðingar beðnir að fara inn í svefnherbergi í ró kl 22:30. Almennt er farið daglega í útvist ef ástand og aðstæður skjólstæðings leyfa. Sé ástand skjólstæðings gott og aðstæður metnar þannig að hægt sé, stendur til boða að stunda hreyfingu innanhúss með starfsmanni. Á neyðarvistun eru kyn aðskilin, kvenkyns og karlkyns skjólstæðingar eru til dæmis ekki saman í rýmum. Noti skjólstæðingur nikótín þurfa starfsmenn leyfi forráðamanna og er almennt miðað við

Myndavélavöktun

Á neyðarvistunargangi er sólahrings myndavélavöktun í almennum rýmum en ekki í svefnherbergjum skjólstæðinga.

Öryggisgangur Neyðarvistunar:

Ef skjólstæðingur er í miklu ójafnvægi eða gát er talin nauðsynleg getur þurft að vista viðkomandi skjólstæðing á öryggisgangi þar sem sólahrings myndavélavöktun er í svefnherbergjum ásamt almennum rýmum. Ástand skjólstæðings í öryggisrými er metið reglulega og möguleiki er að slökkva á myndavélavöktun í svefnherbergjum ef metið er svo. Rautt ljós á myndavél gefur til kynna að kveikt sé á myndavél í svefnherbergi og ekkert ljós gefur til kynna að slökkt sé á myndavélinni. Skjólstæðingur á öryggisgangi er upplýstur um myndavélavöktun hverju sinni.

notkun nikótíns á tveggja tíma fresti séu gefin leyfi fyrir notkun þess.

Á neyðarvistun:

- **Fíkniefni eru bönnuð.**
- **Starfsmenn og skjólstæðingar skulu sýna hvert öðru kurteisi og virðingu.**
- **Skemmdarverk á munun eða eigum neyðarvistunar og skjólstæðinga eru bönnuð.**
- **Hótanir eru bannaðar.**
- **Ofbeldi er bannað.**

Viðbrögð starfsmanna við reglubrotum:

Ef skjólstæðingar fara ekki eftir reglum sem eru settar á neyðarvistun, þá ber starfsmönnum skylda að stöðva slíka hegðun strax. Ef grunur er um fíkniefni eða ólöglega muni á deildinni taka starfsmenn ákvörðun um hvort framkvæma þurfi leit í svefnherbergjum sem og yfirborðsleit á þeim skjólstæðingum sem eiga í hlut. Þessar aðgerðir eru gerðar til þess að fyrirbyggja skaða á deildinni. Í slíkum tilvikum má aðskilja skjólstæðing frá öðrum skjólstæðingum þar til ástandið hefur gengið yfir.

Reglur um beitingu þvingunar:

Sbr. 3. mgr. 82. gr. bvl. er heimilt að beita þvingun ef nauðsyn krefur, til verndar lífi og/eða heilsu skjólstæðinga og/eða starfsmanna og til verndar eignum.